

Nd.

486. Nefndarátt

um frv. til vatnalaga.

Frá minni hluta vatnamálanefndar.

Frv. þetta er að miklu leyti samhljóða frv. því um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1921 og síðan fyrir Alþingi 1922. Á þinginu 1921 var frv.

rætt og athugað nákvæmlega í samvinnunefnd vatnamála. Klofnaði nefndin og komu fram 2 nefndarálit og breytingartillögur við frv., á þskj. 400 og 531 í Alpt. 1921. Ágreiningurinn milli nefndarblutanna var nær eingöngu um rjettargrundvöll frumvarpsins. Málið komst ekki lengra en það, að byrjað var á 2. umr. í Nd., og dagaði svo uppi.

Á þinginu 1922 var málið lagt fyrir Nd. og vísað til nefndar. Í nefndinni kom enn fram sami ágreiningurinn um rjettargrundvöllinn, en nú var gerð tilraun til samkomulags af hálfu þess nefndarhlutans, sem fylgdi meiri hluta millipinganeftdarinnar og meiri hluta samvinnunefndarinnar frá 1921. Er um þetta bókað svo í gerðabók vatnamálanefndar Nd. 1922 (fundargerð 7. mars):

»Var rætt um grundvöll vatnalaganna og borin upp svofeld fyrirspurn frá Jóni Þorlákssyni:

Hverjir af nefndarmönnum mundu vilja taka þátt í tilraun til að orða 2. gr. frv. þannig, að í henni sje svo ákveðið, að umráða- og hagnýtingarrjettur landeiganda til vatns á landi hans skuli vera hinn sami sem nú er og verið hefir, og að orða efnisákvæði frumvarpsins í samræmi við þennan grundvöll?

Við atkvæðagreiðsluna tjáðu þeir formaður (Jak. Möller), Bjarni Jónsson og Jón Þorláksson sig fúsa til að gera þessa tilraun. Sveinn Ólafsson og Gunnar Sigurðsson synjuðu fyrir að taka þátt í þessari tilraun, en Þorl. Guðmundsson greiddi ekki atkvæði. Pjetur Þórðarson var ekki á fundi.

Á næsta fundi, 9. mars, er þetta bókað:

»Var enn rætt um samkomulagstilraun þá, sem orðuð er í fundargerð 7. fundar. Að fundarlokum lýstu þessir nefndarmenn yfir því, að þeir sæju sjer ekki fært að halda áfram samvinnu, og mundu því ekki koma á sameiginlega nefndarfundi til að ræða um frv. til vatnalaga:

• Sveinn Ólafsson, Gunnar Sigurðsson, Pjetur Þórðarson.

Hvorugur nefndarblutinn skilaði álit, og var frv. ekki sint frekar á því þingi.

Þegar frv. nú enn þá er til meðferðar, þykir okkur, sem nú erum minni hluti í vatnamálanefndinni, rjett að gera enn eina tilraun til þess að bjarga þeim mikilvægu þjóðarhagsmunum, sem eru í veði, ef frv. þetta verður samþykkt óbreytt ásamt frv. því til sjerleyfislaga, sem stjórnin samtímis hefir lagt fyrir þingið. Í fám orðum má lýsa aðaldráttum þessarar lagasamstæðu þannig:

1. Alerlendum og hálfertendum mönnum og fjelögum, sem hafa keypt vatnsrjettindin til nær allra stærstu fallvatna landsins, er gefinn miklu ríkari og víðtækari rjettur yfir þessum feng sínum en þeir jarðeigendur höfðu, sem seldu þeim hann.
2. Alls engar hömlur eru lagðar á verslun með vatnsrjettindi (fossaprang), en uppörfun mikil gefin þessari »atvinnugrein«, þar sem verðmæti verslunarvörunnar er stórkostlega aukið samkvæmt framansögðu.

3. Þar sem þessi fyrirhugaða löggjöf setur engar hömlur fyrir verslun með fallvötn, eru hinsvegar settar mjög miklar kvaðir og hindranir gegn virkjun fallvatna, annara en hinna allra smæstu.

Ef þessi lagasamstæða (vatnalög og sjerleyfislög) verður samþykkt í þeirri mynd, sem hún hefir nú, hlýtur fyrsta afleiðingin að verða sú, að fossaþrangir beinist að *smærri fallvötnunum*, sem von er um að leyft verði að virkja án óbæri-legra kvaða. Fullkominn eignarrjettur á vatninu og fult frelsi til verslunar með þau náttúrugæði hefir það í för með sjer, að þar sem tvö fallvötn eru fyrir hendi til virkjunar í einhverju tilteknu augnamiði, og virkjunarkostnaður er misjafn, t. d. 600 kr. á hestorku í öðru, en 400 kr. í hinu, þá kemur fram *verðmismunur* á fallvötnunum, er sem næst samsvarar mismuninum á virkjunarkostnaðinum. Lagasamstæðan tryggir það, að allur eða nærfelt allur hagnaðurinn af aðstöðu hagkvæms fallvatns lendir í vösum einstakra eigenda, fleiri eða færri, eftir því hve oft fallvatnið skiftir um eiganda frá því er menn fyrst koma auga á vonina um verðmæti þess í framtíðinni og þangað til það seinast er selt þeim, er virkjar það. Jafnframt er það þá vitanlega trygt, að almenningur sá, sem orkuna kaupir og borgar á sínum tíma, hann nýtur engrar ívilnunar eða hagræðis af því, þótt hagkvæmt fallvatn sje valið til orkuframleiðslunnar; hann verður að borga jafnmikið fyrir orkuna eins og hún væri unnin úr óhagstæðu fallvatni. Almenningur verður að borga hið útlagða fje fossabraskaranna með vöxtum og vaxtavöxtum.

Eftir því sem nú er hógum háttað, má ganga að því vísu, að fyrst um sinn verði hjer á landi fremur að ræða um virkjun smárra fallvatna en stórra. Það kemur sjer því einkarvel fyrir alla fossabraskara í svipinn að fá framgengt löggjöf, sem gerir verslun með smáu fallvötnin arðvænlega. Og ef verðlag og notkunarskilyrði kynnu að breytast svo með tímanum, að virkjun einhverra hinna stóru fallvatna þætti tiltökumál, þá er ekki síður hagkvæmt fyrir braskarana að hafa lagasamstæðuna sjer til verndar til þess að ná þeim stóra feng, sem þá verður í boði. Svo sem dæmi upp á það, hvaða vinning er að sækja úr vösum almennings í því tafla, má nefna, að það þarf ekki sjerlega mikinn mismun á aðstöðu allri um virkjun tveggja fallvatna til þess að virkjunarkostnaður verði 100 kr. minni á hestorku þar sem aðstaðan er betri. Sje gert ráð fyrir 50 þús. hestorkum, verður mismunurinn 5 milj. kr. Alt að þessari upphæð geta braskararnir þá náð í sinn vasa, en notendur orkunnar og afurðanna, sem framleiddar eru með henni, verða að inna það gjald af hendi.

Verði þessi lagasamstæða sett, þá er hún eins dæmi í löggjöf Norðurálfunnar. Það á sjer stað í fáeinum löndum, þar á meðal í Noregi, að eignarrjettur að hinu rennandi vatni er viðurkendur í löggjöfinni. En öll þau lönd hafa bygt *sjerleyfislöggjöf* sína á þeirri meginreglu, að *sjerleyfi* verður hver sá að fá, sem vill *eignast* fallvatn, og með sjerleyfinu er þá jafnframt lögð á hann *skylda til að virkja fallvatnið*. Þessi sjerleyfislöggjöf beinist á *móti* fossaþranginu, en *stýður* að fossavirkjun, alveg gagnstætt því sem lagasamstæða sú gerir, er hjer liggur fyrir. Þó hefir ekki tekist betur en svo að spyrna á móti verðhækkun hagkvæmu fallvatnanna, þar sem þessi leiðin er farin, að t. d. í Svíþjóð, sem byggir á þessum

grundvelli, en gengur þó skemra en Noregur í viðurkenningu á vatnseignarrjetti einstaklinganna, var meðaltal af vatnsorkukostnaði 65 orkuvera með samtals um 470 þús. hestorkum, sem bygð voru fyrir 1918, 73 kr. á hverja hestorku, en meðaltal virkjunarkostnaðar 200 kr. á hestorku. Orkukostnaðurinn var orðinn meira en $\frac{1}{3}$ af virkjunarkostnaðinum og fór síhækkandi.

Flest önnur lönd, bæði í Norðurálfunni og utan hennar, byggja löggjöf sína í þessum efnum á þeim grundvelli, að hið rennandi vatn sje ekki undirorpið eignarrjetti einstaklinganna, meðan það er ónotað og fellur í eðlilegum farvegi. Þar fellur öll ákvörðun um töku vatns úr eðlilegum farvegi og notkun þess til orkuvinslu í stórum stil undir hið opinbera, og í þessum löndum verða menn að fá sjerleyfi til virkjunar. Þar ræðir ekki um kaup á fossum (vatnsrjettindum), af því að fossarnir eru einskis manns eign, heldur einungis landið undir vatninu og meðfram því. Þess vegna ræðir ekki heldur um sjerleyfi til að eignast fossa eða fallvötn í þessum löndum. Meiri hluti millipinganevndarinnar í fossamálum bygði vatnalagafrv. sitt á þeirri meginstefnu, að ónotað vatn í eðlilegum farvegi væri ekki eignarrjetti undirorpið, og bein afleiðing af þessu var sú, að sjerleyfi varð að veita til þess að virkja fallvötn, en ekki til að eignast þau, eins og Norðmenn gera. En síðan hefir hver stjórnin eftir aðra lagt fyrir Alþingi þessa einkennilegu laga-samstæðu, þar sem vatnalögin eru bygð á meginreglunni um eignarrjett einstaklinganna að vatninu, en sjerleyfislögin bygð á hinn meginreglunni, sem afneitar eignarrjettinum, og úr þessu verður meiri vernd fyrir fossaprang og meiri hindrun gegn fossavirkjun en dæmi eru til um löggjöf annara þjóða. Við látum ósagt, hvort þetta er gert af skilningsskortri á eðli málsins eða af vilja til að styðja fossaprangið.

Um rjettargrundvöll vatnalagafrv. hafa báðir hlutar millipinganevndarinnar haldið því fram, að sinn grundvöllur væri sá sami, sem nú er og verið hefir í löggjöfinni. Þá ættu allir að geta fallist á að orða 2. gr. vatnalaganna þannig, að beinlínis standi í henni, að rjettur landeiganda til vatnsins skuli vera hinn sami sem nú er og verið hefir. Við berum fram sem aðaltillögu, að greinina skuli orða á sama hátt og farið var fram á í br.till. meiri hluta nefndarinnar 1921, og er með henni gengið mjög langt til samkomulags við þá, sem aðhyllast hina grundvallarstefnuna, en sem varatillögu berum við fram uppástungu um, að greinin beinlínis ákveði, að vatnsrjetturinn skuli vera sá sami, sem nú er og verið hefir, og á það ættu allir þeir að geta fallist, sem segja það satt, að þeir vilji halda þeim rjettargrundvelli, sem nú er og verið hefir frá fornu.

Fyrir öðrum br.till. okkar verður grein gerð í framsögunni.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
formaður.

Jón Þorláksson,
framsm.